

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.nóvember 2005

**Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um
upplýsingarétt um umhverfismál, - Þskj. 221 — 221. mál.**

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til bréfs Umhverfisnefndar Alþingis dags. 15. nóvember 2005 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

Almenn umsögn

Í frumvarpinu kemur fram að tilgangur laganna sé að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða eru geymdar fyrir þeirra hönd. Þessi aðgangur á að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, að fjálsfum skoðanaskiptum og aukinni þáttöku almennings í töku ákvarðanna um umhverfismál. Að mati Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa er það markmið af hinu góða enda í samræmi við gildi í lýðræðissamfélagi og í anda Árósasamningsins.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

2. gr. :

Félagið leggur til að í 2. gr (3. mgr.) komi fram að lögin nái til stjórnvaldsákvarðana, lokaniðurstaðna og útgefins efnis frá Alþingi, umboðsmanni Alþingis, Ríkisendurskoðun og dómstólum.

3. gr. :

Í 3. gr. er gefin skilgreining á upplýsingum um umhverfismál. Bent er á að 'umhverfi' og 'umhverfisáhrif' hafa verið skilgreind í lögum 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þar kemur fram að landslag, menning og menningarminjar tilheyri umhverfinu. Lagt er til að upplýsingarétturinn nái til 'umhverfisáhrifa' þannig að fyrrgreind skilgreining um 'umhverfi' sé að fullu virt. Einnig er lagt til að upplýsingar um umhverfismál nái til korta, kortagagna og landupplýsinga, þar sem væntanleg er tilskipun um slíkt frá EB (svokölluð INSPIRE-tilskipun).

5. gr.:

Í 5. gr. er talað um 'upplýsingarétt'. Rétt er að benda á að í lögum 88/1997 um fjárreiður ríkisins (30. gr), kemur fram að séu samningar gerðir við einkaaðila skulu "ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

Með sama hætti skulu ákvæði laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál gilda um verktaka og upplýsingaskyldu hans."

Lagt er til að fram komi að 'upplýsingarétturinn' að ná til gagna og upplýsinga sem aflað er af einkaaðilum og greitt fyrir af opinberum aðilum.

8. gr. :

8. gr. Lagt er til að í greinargerð komi fram að skv. lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir geti stjórnvöld krafist útgáfu á skýrslu um grænt bókhald fyrirtækja með upplýsingum um efnisnotkun og losun í umhverfið.

10. gr. :

Í 10. gr er lagt til að bætt verði við að umhverfisráðherra sé heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um miðlun og kröfur til slíkra upplýsinga. Með því að móta lágmarkskröfur að umhverfisráðuneytið geti stuðlað að rafrænum upplýsingaveitum og markvissri eða staðlaðri framsetningu umhverfisgagna.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa,

Svava Svanborg Steinarsdóttir,
formaður.